

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

4. gr.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í c-liðum, húshitun og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 516, 25. nóvember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 21. mars 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 536,
frá 4. desember 1987.**

1. málsg. 3. greinar orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli	kr. 1,34
fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli	kr. 15,20
fyrir hvern rúmmetra vatns.	

Aðrar málsgreinar 3. gr. haldast óbreyttar.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 15. mars 1988.

F.h.r.

Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.